

## Óveruleg breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

### Verslunar- og þjónustusvæði Hafnarnesi

#### Greinargerð

Um er að ræða breytingu á texta í greinargerð. Engin breyting verður á uppdrætti.

Breytt er flatarmáli Verslunar- og þjónustusvæðis VP 40 úr 750 m<sup>2</sup> í 3000 m<sup>2</sup>.

Í breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem staðfest var í B- deild stjórnartíðinda þann 28. febrúar 2018 var bætt inn í skipulagið reitnum VP 40 við Hafnarnes. Gert var ráð fyrir ferðaþjónustu, gistingu og aðstöðu fyrir starfsmenn. Allt að 60 gesti auk aðstöðu fyrir 5 starfsmenn. Við vinnslu deiliskipulags kemur í ljós að 750 m<sup>2</sup> svæði er of lítið svæði fyrir uppbyggingu gistiheimilisins enda fyrirhugað að nýta lóðina að mestu undir þá starfsemi. Lóðin verður í heild sinni 3665 m<sup>2</sup> og þar er gert ráð fyrir gistiheimili á stærstum hluta og svo íbúðarhúsi. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á fjölda gesta eða starfsmanna.

Breytingin er óveruleg þar sem hún hefur ekki í för með sér verulegar breytingar á landnotkun eða hefur áhrif á stór svæði né hefur hún mikil áhrif á einstaka aðila.

Breytingin fellst í breyttum texta í töflu 16.1. Verslun og þjónusta á Höfn.

Fyrir breytingu:

VP 40 - **Hafnarnes**. Ferðaþjónusta, gisting og aðstaða fyrir starfsmenn. Uppbygging vegna hennar heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti auk aðstöðu fyrir 5 starfsmenn. Hringtákn ~ 750 m<sup>2</sup>.

Eftir breytingu:

VP 40 - **Hafnarnes**. Ferðaþjónusta, gisting og aðstaða fyrir starfsmenn. Uppbygging vegna hennar heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gesti auk aðstöðu fyrir 5 starfsmenn. Hringtákn ~ 3000 m<sup>2</sup>.

#### Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd þann 2. 9. 2020 og í bæjarstjórn þann 10. 9. 2020 skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

  


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 29. 09 2020.



